

Sjálfbærniskýrsla FISK Seafood 2025

Ritstjórn: Sunna Gylfadóttir og Stefanía Inga Sigurðardóttir

Myndir: Davíð Már Sigurðsson



Efnisyfirlit

Ávarp framkvæmdastjóra	3
Um skýrsluna	4
Árið 2025 í tölum	5
Um FISK Seafood	6
Stefnur	7
Tvöföld mikilvægisgreining	8
Markmið	9
Starfsemin	10
Umhverfispættir	19
Losun gróðurhúsalofttegunda	20
Eldsneytisnotkun	22
Rafmagnsnotkun	24
Vatnsnotkun	25
Úrgangsstjórnun	26
Ábyrgar fiskveiðar	29
Félagslegir þættir	30
Stjórnarhættir	39
Viðaukar	43

Ávarp framkvæmdastjóra



Árið 2025 markaði tímamót í sögu FISK Seafood, en þá voru liðin 70 ár frá stofnun félagsins. Afmælið var tilefni til að líta yfir farinn veg, meta árangur og horfa fram á veginn með ábyrgð, metnað og sjálfbærni að leiðarljósi.

Á þessum 70 árum hafa starfshættir í sjávarútvegi tekið gífurlegum breytingum. Framfarir í veiðarfærum, skipatækni, vinnslubúnaði og upplýsingatækni hafa stuðlað að betri nýtingu afla, auknu öryggi starfsfólks og minni umhverfisáhrifum. Þær breytingar á sjávarútvegi sem hafa orðið á síðustu sjö áratugum eru gífurlegar og ég tel þeim alls ekki lokið.

Sjálfbærni hefur á undanförunum árum orðið sífellt veigameiri þáttur í starfsemi FISK Seafood. Sem sjávarútvegsfyrirtæki berum við ríka ábyrgð á því að nýta auðlindir hafsins af skynsemi, reyna að draga úr umhverfisáhrifum og stuðla að ábyrgum rekstri til langs tíma. Fiskur er ein verðmætasta auðlind landsins og jafnframt umhverfisvænn matarkostur, og þar viljum við vera í fararbroddi.

Umfjöllun um sjálfbærni hefur oft tilhneigingu til að einblína fyrst og fremst á umhverfisþætti, en þá sitja hinar tvær grunnstoðir sjálfbærninnar, samfélag og efnahagur, eftir. Rekstur getur hins vegar ekki talist sjálfbær nema allar þrjár stoðirnar séu sterkar og í jafnvægi. Mikilvægt er að stjórnvöld hafi þetta í huga og geri sér grein fyrir því að fyrirtæki þurfa fjárhagslegt svigrúm til að geta staðið að ábyrgum og sjálfbærum rekstri, auk þess að leggja sitt af mörkum til

samfélagsins. Aukinn kostnaður og íþyngjandi kvaðir sem lagðar eru á fyrirtæki í nafni sjálfbærni geta annars orðið hamlandi fyrir áframhaldandi þróun og framfarir á þessu sviði.

Á árinu urðum við vör við breytingar í rekstrarumhverfi okkar vegna kvótaskerðinga og ákvörðunar stjórnvalda um verulegar hækkanir veiðigjalda, en einnig vegna hækkunar kolefnisgjalds af eldsneyti um tæp 60%. Olíunotkun skipa er stærsti þáttur kolefnislosunar FISK Seafood og greiddi samstæðan því 170 milljónir króna í kolefnisgjöld fyrir árið 2025, miðað við 103 milljónir árið 2024. Þessi þróun undirstrikar mikilvægi þess að fylgjast náið með losun, orkunotkun og þeim aðgerðum sem geta dregið úr umhverfisáhrifum starfseminnar.

Við hjá FISK leggjum ríka áherslu á samfélagslega ábyrgð og styrkjum íþrótt-, menningar- og skólastarf eftir fremsta megni. Við teljum mikilvægt að styðja við öflugt samfélag, heilbriggt íþróttalíf og menntun unga fólksins í samfélaginu. Einnig höldum við árlega umhverfisdag þar sem FISK Seafood hvetur fólk til þess að koma saman og hreinsa umhverfið sitt og styrkir fyrir hönd hvers þátttakanda íþróttafélag að þeirra vali. Í ár týndum við 21,4 tonn af rusli og styrktum 16 íþróttafélög um rúmar 11 milljónir samanlagt, fyrir hönd 927 einstaklinga sem mættu og lögðu sitt af mörkum.

Innkaupastefna FISK endurspeglar þessa samfélagslegu ábyrgð. Um 99% af viðskiptum

félagsins eru við innlenda birgja og þar af er um það bil 60% viðskipta við birgja í nærumhverfinu. Með þessu styrkjum við íslenskt atvinnulíf, stytum virðiskeðjur og drögum úr óþarfa flutningum.

Mannauður er einn af lykilþáttum í starfsemi FISK og er starfsfólkið fjölbreyttur hópur og mikilvægur styrkur félagsins. Þá hefur markviss fræðsla verið í forgrunni og fjöldi fræðslustunda á hvern starfsmann nálgast 24 klukkustundir á árinu.

Á árinu var farið í árshátíðarferð til Póllands í tilefni af 70 ára afmæli félagsins. Ferðin var liður í því að efla tengsl innan hópsins og styrkja samstöðu starfsfólks þvert á starfsstöðvar og hlutverk. Það er mín trú að ferðin hafi styrkt samheldni hópsins og þjappað okkur saman, þannig verður félagið í heild betur statt til þess að takast á við verkefni framtíðarinnar.

Sjálfbærni er ekki verkefni sem lýkur, heldur stöðugt ferðalag. Með ábyrgri nýtingu auðlinda, gagnsæi í rekstri og stöðugum umbótum viljum við leggja okkar af mörkum til þess að fiskur haldi áfram að vera umhverfisvænn kostur fyrir neytendur, bæði hérlendis og á alþjóðamörkuðum.

Friðbjörn Ásbjörnsson

Um skýrsluna

Sjálfbærnisráðgjafi FISK Seafood er birt samhliða ársuppgjöri félagsins. Hún fjallar um ófjárhagslega þætti starfseminnar og nær yfir rekstur samstæðu FISK Seafood ehf. nema annað sé tekið fram.

Skýrslan tekur til ársins 2025 og byggir á þeim gögnum og þeirri þekkingu sem liggur fyrir við ritun hennar. Hún er ekki tæmandi um öll áhrif starfseminnar á samfélag, umhverfi og efnahag og hefur ekki verið endurskoðuð af óháðum aðila.

Skýrslan er ítarlegur leiðarvísir um lykilþætti sjálfbærni, þar á meðal umhverfismál, sjálfbæra nýtingu fiskistofna, stjórnarhætti, jafnrétti, persónuvernd, öryggi, mannréttindi, virðingu, innra eftirlit og áhættustýringu. Hún er unnin í samræmi við leiðbeiningar Samtaka atvinnulífsins, Viðskiptaráðs Íslands og Staðlaráðs Íslands, auk UFS-leiðbeininga Nasdaq kauphallarinnar, útgáfu 2.0 frá febrúar 2020.

Árið 2025 í tölum



Heildartekjur
15.844.728 þ. Kr.



Erlendar tekjur
12.370.702 þ. Kr.



Heildarlosun
26.808,3 tonn CO2 ígilda



Fasteignir
22.914 m²



Veiddur afli
30.516 tonn



Rusl fjarlægt af ströndum
21,4 tonn



Fjöldi stöðugilda
259



Framleidd afurð
12.870 tonn



Flokkunarhlutfall
63,5%

Um FISK Seafood

FISK Seafood ehf. er eitt stærsta sjávarútvegsfyrirtæki landsins. Félagið sérhæfir sig í veiðum á bolfiski og vinnslu hans í léttsaltaðar og sjófrystar afurðir, auk framleiðslu á hefðbundnum saltfiski. Höfuðstöðvar og megin starfsemi félagsins eru á Sauðárkróki, en innan samstæðu þess eru einnig Soffanías Cecilsson ehf. í Grundarfirði, útgerðarfélagin Kiddi Dóra ehf., Ölduós ehf., Steinunn ehf. og Lundhöfði ehf., sem og eignarhaldsfélagið FISK Seafood fjárfesting ehf. Samstæðan gerir út einn frystitogara, tvo ferskisktogara, tvo ísfisktogara auk smærri skipa og báta.

FISK Seafood leggur ríka áherstu á sjálfbærni í öllum þáttum starfseminnar. Helstu verkefni á því sviði eru bygging hátæknifrustihúss, endurnýjun skipa, uppþærsla kælimiðla í núverandi flota, aukin flokkun úrgangs, minnkun urðunar og kolefnisjöfnun rekstrar með skógrækt.


Helstu óvissuþættir í rekstri félagsins tengjast ákvörðunum stjórnvalda um veiðiheimildir, skatta og gjöld, samskiptum Íslands við önnur ríki, menningar- og neyslubreytingum á markaðssvæðum, alþjóðlegri verðsamkeppni og gengisþróun. Til lengri tíma eru breytingar á

lífríki hafsins vegna súrnunar og mengunar alvarleg áskorun fyrir sjávarútveginn á heimsvísu.

Rekstur FISK Seafood fer fram í samræmi við ítarlegt regluverk og opinbert eftirlit. Félagið fylgir skýrum ferlum og gæðakerfum til að tryggja að starfsemin uppfylli strangar kröfur um rekjanleika, sjálfbærni, umhverfisábyrgð og samræmi við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

FISK Seafood var stofnað árið 1955 af Kaupfélagi Skagfirðinga og hefur vaxið með kaupum á veiðiheimildum og samruna við önnur fyrirtæki, meðal annars Útgerðarfélag Skagfirðinga, Skjöld, Hraðfrystihús Grundarfjarðar, Soffanías Cecilsson og Skagstrending.

FISK Seafood er í eigu **Kaupfélags Skagfirðinga**, samvinnufélags um 1.400 einstaklinga, flestra búsettra í Skagafirði. Dreift eignarhald og lýðræðisleg ákvarðanatataka endurspeglar sterka samfélagslega ábyrgð og tengsl félagsins við nærumhverfið.



Stefnur

FISK Seafood er eitt stærsta sjávarútvegsfyrirtæki landins og meginstefna fyrirtækisins felst í því að stunda ábyrgar fiskveiðar og bjóða upp á fyrsta flokks afurðir. Fyrirtækið starfar samkvæmt skýrri **sjálfbærnistefnu** og hefur það að markmiði að vernda og nýta þær náttúruauðindir og orkugjafa sem fyrirtækið byggir rekstur sinn á. 78,8% af losun samstæðunnar á gróðurhúsalofttegundum kemur til vegna olúnotkunar fiskiskipa en á móti þeirri losun voru veidd 30.516 tonn af fiski árið 2025.

Allar starfsstöðvar félagsins starfa samkvæmt **GÁMES** hættugreiningu (**Greining Áhættuþátta** og **Mikilvægra Eftirlitsstaða**), sem á ensku er skammstafað HACCP. Matvælastofnun (MAST) fer með eftirlit á öllum starfsstöðvum FISK Seafood og heldur félagið á nokkrum leyfisnúmerum ýmist til framleiðslu eða geymslu á afurðum.

FISK Seafood hefur sett sér metnaðarfullar stefnur á sviði umhverfis og mannauðsmála og leggur mikið upp úr því að leggja sitt af mörkum til samfélagsins. Allar stefnur má nálgast [hér](#), en eftirtaldar tengjast sjálfbærni.

Sjálfbærnistefna

FISK-Seafood leitast við að starfa í sátt við umhverfi og samfélag. Meðal annars með því að draga úr kolefnisspori samstæðunnar með kolefnishlutleysi að markmiði.

Starfsmannastefna og jafnréttisáætlun

Starfsmannastefna FISK-Seafood gengur út frá þeirri vissu að árangur í rekstri fyrirtækisins byggist öðru fremur á þekkingu og metnaði starfsfólks.

Gæða- og matvælaöryggisstefna

Gæða- og matvælaöryggisstefna er sett svo að tryggja megi að framleiðslan sé örugg, samkvæmt umsömdum gæðum og að hún uppfylli ávallt væntingar viðskiptavina.

Tvöföld mikilvægisgreining

Árið 2024 hóf FISK Seafood vinnu við að framkvæma tvöfalda mikilvægisgreiningu (e. Double materiality assessment), sem er aðferðarfræði til þess ætluð að veita yfirsýn yfir þá þætti sjálfbærni sem eru hvað mikilvægastir fyrir rekstur fyrirtækisins. Við greininguna var starfsemin í heild skoðuð og tekið tillit til þeirra umhverfisáhrifa sem FISK Seafood veldur eða verður fyrir. Þeir þættir sem hafa tvöfalt mikilvægi samkvæmt greiningunni eru eftirfarandi:

Mildun loftslagsbreytinga (e. Climate change mitigation)

Áhrif á tegundir lífvera (e. Impact on the state of species)

Sjávarauðlindir (e. Marine resources)

Orka (e. Energy)

Drifkraftar taps á líffræðilegum fjölbreytileika (e. Direct impact drivers of biodiversity loss)

Vatn (e. Water)

Markmið

Meginmarkmið FISK Seafood, hvað varðar sjálfbærni, er að halda áfram að stunda ábyrgar fiskveiðar, að nýta þær auðlindir sem fyrirtækinu er treyst fyrir á sjálfbæran hátt og að valda sem minnstum skaða á umhverfi og lífríki sem starfsemi fyrirtækisins kann að hafa áhrif á. Fyrirtækið hefur að auki sett sér eftirfarandi mælanleg markmið tengd sjálfbærni fyrir næstu ár:



Að óútskýrður launamunur milli kynja verði ekki meiri en 3%



Að halda flokkunarhlutfalli yfir 55%



Að halda rafmagnsnotkun undir 275 kwh/m²



Að hafa skipt út öllum HFC kælimiðlum fyrir árið 2032



Að skila yfir 72% ónýtra veiðarfæra til endurvinnslu

Starfsemin




Fjárfestingar, framkvæmdir og sala

Á árinu jók FISK Seafood eignarhlut sinn í sölufyrirtækinu **Iceland Seafood International** og um áramótin átti félagið 14,8 % hlut í félaginu. Langstærstur hluti afurða félagsins er seldur í gegnum Iceland Seafood og dótturfélag þess, Iceland Seafood Iberica. Stærstu viðskiptalönd FISK Seafood fyrir léttsaltaðar og saltaðar afurðir voru Spánn, Ítalía og Grikkland. Sjófrystar afurðir af Arnari HU-1 voru seldar til Bretlands, Póllands og Bandaríkjanna. Afurðir félagsins rötuðu þó einnig á fleiri markaði, þá sérstaklega í Mið- og Norður Evrópu. Þurrkaðar afurðir voru helst seldar til Nígeríu. Allar afurðir félagsins sem fóru í útflutning voru fluttar sjóleiðina til markaðslandanna.

FISK Seafood jók einnig hlut sinn í umhverfisstjórnunarkerfinu **Stiku Umhverfisláusnum** sem er nýsköpunarfyrirtæki með það markmið að einfalda fyrirtækjum að uppfylla lagalegar kröfur er varða sjálfbærni.

Framkvæmdir héldu áfram við **Sauðárkrókhöfn** þar sem lagnir voru lagðar og þekja steipt. Einnig hófust framkvæmdir á fyrsta hluta stækkunar hafnarinnar, en nýr 310 m langur brimvarnargarður norðaustan við Norðurgarð verður reistur. Að auki verður framkvæmd uppúrtekt sandfangara á um 90 m kafla.



Skipafloti

FISK Seafood kemur að rekstri útgerðar hjá átta skipum og bátum

Arnar HU-1

Smíðaður í Langsten Slip árið 1986 og er á sjófrystingu. Áhöfnin telur 54 manns sem skiptast á 25–35 daga túrum.

Málmei SK-1

Smíðuð í Flekkefjord Slipp & Mask árið 1987. Áhöfnin telur 22 manns, fimmtán í senn um borð. Þorskur og ufsi fer að mestu til vinnslu á Sauðárkróki, annar aflí á markað.

Drangey SK-2

Smíðuð í Cemre Shipyard árið 2017. Áhöfnin telur 22 manns, fimmtán í senn um borð. Meginaflí, þorskur og ufsi, fer til vinnslu á Sauðárkróki, afgangur á markað.

Sigurborg SH-12

Smíðuð af Nordship árið 2007, tekin í rekstur haustið 2019 og gerð út frá Grundarfirði. Áhöfnin telur 12 manns, níu í senn um borð. Þorskur og ufsi fer til vinnslu hjá Soffaníasi Cecilssyni og að hluta á Sauðárkróki.

Farsæll SH-30

Smíðaður af Ching Fu Shipbuilding Co. árið 2009, kom inn í rekstur FISK Seafood haustið 2019. Gert út frá Grundarfirði með 12 manna áhöfn, níu í senn um borð. Þorskur og ufsi fer að mestu til vinnslu hjá Soffaníasi Cecilssyni, stundum á Sauðárkróki.

Steinunn SH-167

Dragnótarbátur, smíðaður í Stálvík árið 1971, gerður út frá Ólafsvík. Áhöfnin telur níu manns. Allur aflí fer á markað og til vinnslu hjá félaginu. FISK Seafood á 60% eignarhlut í Steinunni.

Tryggvi Eðvarðs SH-2

Krókabátur, smíðaður í Hafnarfirði og Póllandi árið 1999. Leigður af FISK Seafood og gerður út frá Ólafsvík. Átta manna áhöfn skiptist á tveggja vikna túrum. Þorskur og ufsi fara til vinnslu hjá Soffaníasi Cecilssyni, annar aflí á markað.

Hafdís SK-4

Smíðuð í Dalian Shipyard árið 2001 og keypt til félagsins í október 2024 og tekin í notkun 2025. Dragnótarbátur með sex manna áhöfn. Aflí fer annaðhvort til vinnslu hjá FISK Seafood eða á markað.





Viðurkenningar og vottanir

FISK Seafood hlaut viðurkenninguna framúrskarandi fyrirtæki, auk þess að hafa verið valið **fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri** frá árinu 2017. Árið 2020 hlaut FISK Seafood fyrst **jafnlaunavottun** og hefur haldið henni síðan. FISK Seafood er með **IFS vottun** sem er alþjóðlegur gæðastaðall fyrir matvælavinnslur, auk **MSC og IRF vottanna** sem eru til komnar vegna rekjanleika afurða frá veiðum til kaupenda.



MSC vottun

MSC-vottun (Marine Stewardship Council) er alþjóðleg umhverfisvottun sem staðfestir að sjávarafurðir komi úr sjálfbærum fiskveiðum. Vottunin tryggir að fiskistofnar séu nýttir á ábyrgan hátt, að áhrif veiða á vistkerfi hafsins séu lágmörkuð og að stjórnun og rekjanleiki veiða séu í samræmi við alþjóðlega staðla.




Rekstrarlegar áskoranir

Þrátt fyrir kvótaskerðingar síðustu ára hefur hingað til tekist að viðhalda fullri starfsemi án þess að leggja skipum eða loka vinnslum. En síðan 2019 hefur úthlutað slægt magn af þorski lækkað um rúm 25%. Árið 2025 var engin undantekning, samdráttur í aflaheimildum og að auki er veruleg hækkun veiðigjalda fyrirhuguð í byrjun 2026. Á myndinni má sjá úthlutaðar aflaheimildir í þorskígildum frá árinu 2021, en þess ber að geta að á þessu tímabili hefur samstæðan fjárfest bæði í skipum með kvóta og kvóta til aukningar. Ofan á þetta bætast áhrif stríðsátaka sem geta haft langtímaáhrif á markaðsaðstæður okkar. Það er því ljóst að óvissa og áskoranir eru framundan.

Aðlögunarhæfni að breyttu rekstrarumhverfi reynir einnig á víðar. Í sumum tilvikum er um hæga þróun að ræða, en engu að síður eru það mikilvægar áskoranir, svo sem að tryggja nægilegt hæft starfsfólk og draga úr starfsmannaveltu eins og kostur er. Aðrar breytingar eru hraðari og stærri í sniðum, eins og stækkun hafnarinnar á Sauðárkróki sem er í framkvæmdum. Í tengslum við landfyllingu og dýpkun hafnarinnar skapast ný tækifæri, meðal annars í byggingu hátæknifrystihúss og endurnýjun skipaflotans, þar sem orkunotkun verður þróuð í takt við umhverfismarkmið framtíðar.

Heildarúthlutun afla í þorskígildum



Veiðar


Árið 2025 veiddi skipafloti FISK Seafood samtals 30.516 tonn af fiski.

Þar af voru:

14.690 tonn af þorski
 7.241 tonn af ýsu
 3.274 tonn af karfa
 1.651 tonn af ufsa


en minna í öðrum tegundum.

Tölur miðast við óslægðan aflu.



Vinnsla


FISK Seafood er með starfsstöðvar á Sauðárkróki og í Grundarfirði. Á Sauðárkróki er rekin bolfiskvinnsla sem vinnur þorsk og ufsa í léttsaltaðar afurðir sem markaðsettar eru á Spáni og Grikklandi, einnig hefur verið framleitt ósaltað á Bretlandsmarkað. Þar er líka rekin þurrkstöð sem þurrkar hausa og hryggi sem falla til bæði í landvinnslunni á Sauðárkróki og einnig hjá Soffaníasi Cecilssyni í Grundarfirði. Hjá SC er framleiddur hefðbundinn saltfiskur og er hráefnið einkum þorskur og langa. Árið 2025 voru tekin til vinnslu 8.350 tonn af fiski á Sauðárkróki og 2.442 tonn á Grundarfirði.



Framleiðsla

Framleiddar afurðir árið 2025 voru samtals um 12.870 tonn frá fiskvinnslunni á Sauðárkróki, Soffaníasi Cecilssyni, Þurrkhúsinu á Sauðárkróki og Arnari HU 1.

Skipting framleiðslu (tonn)



Umhverfispættir



Losun gróðurhúsalofttegunda


Langstærstur hluti losunar gróðurhúsalofttegunda hjá FISK Seafood má rekja til olfunotkunar fiskiskipa félagsins enda er útgerð og veiðar umfangsmikil starfsemi sem krefst verulegrar orkunotkunar. Auk þess felur rekstur fyrirtækisins í sér umtalsverða notkun raforku og vatns, sem tengist starfsemi í vinnsluhúsnæði, skrifstofum og annarri stoðstarfsemi félagsins.

Önnur eldsneytisnotkun innan samstæðunnar er fyrst og fremst vegna reksturs ökutækja og vinnuvéla, þar á meðal bifreiða og lyftara, auk flugferða starfsfólks í tengslum við störf á vegum fyrirtækisins. FISK Seafood rekur samtals 12 bifreiðar og 3 lyftara, sem nýtast í daglegum rekstri og flutningum.

Á árinu voru alls 14 flugferðir á vegum starfsfólks fyrirtækisins, þar af 3 innanlandsferðir. Flugferðir tengjast einkum funda- og samstarfsverkefnum, fræðslu og öðrum verkefnum sem ekki er unnt að sinna með öðrum hætti. FISK Seafood leitast við að halda slíkum ferðum í lágmarki og meta ávallt hvort mögulegt sé að nýta fjarfundi eða aðrar umhverfisvænni lausnir þegar þess er kostur.

FISK Seafood er meðvitað um umhverfisáhrif starfseminnar og fylgist markvisst með þróun orkunotkunar og losunar. Unnið er að því að greina möguleika til frekari hagræðingar og umbóta, með það að markmiði að draga úr losun, auka orkunýtingu og stuðla að sjálfbærum rekstri til lengri tíma.


Skipting losunar eftir uppruna




Nasdaq tilvísun	tCO2 ígilda
E1-1 Umfang 1	21.310,98
Eldsneyti	21.129,50
Kælimiðlar	181,47
E1-2 Umfang 2	158,14
Rafmagn	158,14
E1-3 Umfang 3	5.339,19
Eldsneytis og orku framleiðsla	5.232,60
Úrgangur	100,05
Flutningur og ferðalög	6,54
Samtals	26.808,30

Losun CO2 ígilda

Eldsneytisnotkun




Skipting olíunotkunar skipaflota





Eldsneytisnotkun

Olúeyðsla FISK Seafood árið 2025 var í heildina 0,26 lítrar fyrir hvert veitt kíló af fiski og greiddi samstæðan þar með 6 krónur í kolefnisgjald fyrir kíló af fiski.



Olúnotkun fiskiskipa er áfram veruleg og vegur þungt í heildarorkunotkun og losun greinarinnar. Þó hefur orðið hröð tæknileg þróun á undanförunum árum, þar sem nýrri skip eru hönnuð með aukna orkunýtni að leiðarljósi. Með bættri skipahönnun, skilvirkari vélbúnaði og þróun í veiðitækni hefur tekist að draga úr eldsneytisnotkun í greininni á síðustu áratugum.





Rafmagnsnotkun

Rafmagnsnotkun hefur lækkað um tæp 11% frá árinu 2022, en FISK Seafood hefur markvisst verið að losa um eignir sem ekki eru í notkun og endurnýja búnað í vinnslum sem leiðir til þess að rafmagnsnotkun dregst saman.



Vatnsnotkun

Vatnsnotkun hjá FISK Seafood samstæðunni endurspeglar umfang og eðli starfseminnar og er nátengd framleiðslu og vinnslu sjávarafurða.

Á árinu jókst heitavatnsnotkun, sem skýrist að mestu leyti af aukinni framleiðslu í þurrkhúsi félagsins þar sem heitt vatn er mikilvægur hluti vinnsluferlisins.

Kaldavatnsnotkun dróst hins vegar saman á tímabilinu. Sú þróun skýrist að hluta til af því að húsnæði fiskmarkaðarins er nú komið í leigu og vatnsmælar þar eru ekki lengur skráðir á FISK Seafood, sem hefur áhrif á samanburð milli ára.

Úrgangsstjórnun

Stærstur hluti úrgangs sem fellur til vegna starfsemi **FISK Seafood** er málmur, plast, slátur- og fiskiúrgangur, veiðarfæri, úrgangsolía og almennt sorp.

Á árinu 2025 féll **óvenju mikið magn grófs úrgangs** til vegna niðurrifs og byggingar frystiklefa. Af þeim sökum er flokkunarhlutfall úrgangs birt bæði með og án þessa framkvæmdarúrgangs en grófur úrgangur fer í urðun.

Við greiningu á daglegum rekstri er stuðst við flokkunarhlutfall án framkvæmdarúrgangs, þar sem slíkur úrgangur telst ekki hluti af reglubundinni starfsemi félagsins.


Endurvinnsla veiðarfæra er jafnframt tekin sérstaklega til greina og gerð skil í sundurliðun gagna, en árið 2025 fóru 98% ónýtra veiðarfæra í endurvinnslu, sem er að vísu óvenju hátt hlutfall og kemur til vegna samsetningar þeirra veiðarfæra sem þurfti að henda á árinu.

Þess ber að geta að í þessum tölum er einnig það **sorp sem kom í veiðarfæri** hjá togurum og þeir tóku með til hafnar, sem og það sorp sem til féll hjá ísfisktogurum á Sauðárkróki, en þær tölur hafa ekki verið fáanlegar hingað til.

Magn úrgangsolíu sem skilað var inn á árinu var 77.115 lítrar eða 67,1 tonn.

Í þessum tölum er ekki **sorp sem fellur til frá ísfisktogurum á Grundarfirði** þar sem höfnin þar tekur við úrganginum án þess að sundurliðun sé gerð eftir einstökum skipum. Þá vantar einnig upplýsingar um veiðarfæri sem fargað er í Grundarfirði, sem og tölur um sorp sem kann að falla til á öðrum stöðum á landinu.


Flokkunarhlutfall með úrgangi vegna byggingaframkvæmda við frystiklefa



■ Flokkað sorp ■ Urðun




Flokkunarhlutfall án úrgangs vegna byggingaframkvæmda




■ Flokkað sorp ■ Urðun

Úrgangsolía til endurvinnslu
77.115 lítrar

Flokkun sorps



Flokkun veiðarfæra





Úrgangsstjórnun

Áætluð heildar- flokkunarhlutföll

Með því að áætla magn sorps sem fellur til frá ísfisktogurum, í samvinnu við starfsfólk þeirra stofnana sem taka við úrganginum, var unnt að reikna áætlað flokkunarhlutfall fyrir samstæðuna í heild.

Að sama skapi var magn veiðarfæra sem fór til endurvinnslu á árinu annarsstaðar en á Sauðárkróki áætlað og flokkunarhlutfall þeirra áætlað miðað við síðustu ár.

Áætluð sorpnotkun er þó ekki notuð til útreikninga á kolefnisspori.



Ábyrgar fiskveiðar


FISK Seafood leggur mikla áherslu á **sjálfbæra nýtingu** fiskistofna og verndun lífríkis sjávar. Félagið er aðili að Ábyrgum fiskveiðum í gegnum Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, samtök sem stofnuð voru til að stuðla að ábyrgum fiskveiðum, viðhalda vottun og miðla upplýsingum um íslenskar fiskveiðar til kaupenda og neytenda. FISK Seafood er jafnframt hluthafi í Iceland Sustainable Fisheries (ISF), sem tryggir rekjanleika afurða frá veiðum til kaupenda og fylgir alþjóðlegum stöðlum um gæði, öryggi og ábyrg vinnubrögð.

Á undanförunum árum hefur **eldsneytisnotkun í sjávarútvegi** dregist saman miðað við afla, meðal annars vegna tækniframfara og hagræðingar í rekstri. Skipum hefur fækkað, þau stækkað og orkunýtni aukist. Þrátt fyrir það eru helstu umhverfisáhrif starfsemi FISK Seafood enn tengd eldsneytisnotkun.

Til að **draga úr umhverfisáhrifum** hefur félagið gert ýmsar umbætur, þar á meðal hætt notkun frauðkassa og tekið upp magnkassa sem minnka umbúðanotkun, vinnu og flutningskostnað. Allar útflutningsafurðir félagsins eru sendar með skipum, sem er bæði hagkvæmt og vistvænni flutningsleið.

Samkvæmt rannsóknum **Matís, Oceana, Sameinuðu þjóðanna og OWD** hefur íslenskur fiskur margfalt minna kolefnisspor en kjötafurðir og telst einn umhverfisvænasti próteingjafi sem völ er á. Auk þess er landnotkun og ferskvatnsnotkun við framleiðslu fiskafurða hverfandi í samanburði við kjötframleiðslu.

FISK Seafood kappkostar við að stunda ábyrgar fiskveiðar og valda sem minnstum skaða á auðlindum þjóðarinnar. Starfsemin er háð ströngu regluverki og opinberu eftirliti, og leggur félagið ríka áherslu á að fylgja skýrum ferlum, tryggja gæði og viðhalda stöðugri endurskoðun á starfsháttum til að uppfylla allar kröfur um sjálfbærni og ábyrga nýtingu auðlinda.



Félagsslegir þættir



Starfsfólk

FISK Seafood leggur áherslu á **jafnvægi milli vinnu og einkalífs**. veiðiferðir eru skipulagðar með góðum fyrirvara og dagsetningum aðeins breytt í undantekningum, svo sjómenn geti skipulagt fjölskyldulíf sitt. Starfsfólk velur sjálft hvort það þiggur yfirvinnu, sem er boðin jafnt og deilt á sanngjarnan hátt á milli starfsmanna.


Vellíðan á vinnustað er í forgangi og stuðlar að jákvæðum starfsanda, aukinni framleiðni og starfsánægju. Allt starfsfólk fær heitan hádegismat, hollan morgunverð og millimál án endurgjalds. Lögð er áhersla á gott viðhald og umbætur á vinnuástöðu, og starfsmenn geta komið með ábendingar um það sem má betur fara.

Um áramótin 2024/2025 voru **259 stöðugildi hjá félaginu**, en fjöldi starfsólks sem þáði laun á árinu var 381. Þetta skýrist af miklum fjölda hlutastarfsmanna á sjó.

Starfsmannahópur samstæðunnar er **mjög fjölbreyttur** og kemur starfsfólkið okkar frá 10 löndum. Erlent vinnuafli sækir meira í almenn fiskvinnslustörf heldur en íslenskt verkafólk.


Hlutfall kynja var 82,4% karlar, 17,6% konur og 0% önnur kyn, sem skýrist að mestu af því að sjómenn fyrirtækisins eru nær eingöngu karlar. Einnig hefur það áhrif á samanburð á milli ára að fjöldi hlutastarfsmanna á sjó er gríðarlegur og mjög misjafn milli ára. Ef hlutfallið er skoðað eingöngu hjá starfsfólki í landi er það 45% konur og 55% karlar.

Skipting starfsfólks til sjós og lands




Fjöldi stöðugilda við upphaf árs: 259

Þjóðerni starfsfólks í landvinnslu 2022-2025



Kynjaskipting starfsfólks




Fræðsla

Á undanförunum árum hefur verið unnið að innleiðingu á **rafrænu fræðsluforriti** fyrir landvinnsluna á Sauðárkróki þar sem fólk getur fræðst á eigin tungumáli með hjálp gervigreindar. Einnig er erlendu starfsfólki boðið upp á Íslenskunám að kostnaðarlausu, bæði með forritinu **Bara Tala** og með íslenskunámskeiði í samstarfi við **Farskólann á Sauðárkróki** þar sem starfsmenn fá þjálfun í praktískri notkun á tungumálinu, boðið er upp á námskeið fyrir byrjendur sem og lengra komna.

Sjómenn FISK Seafood sækja sér grunnfræðslu og endurmenntun til **Slysavarnaskóla Sjómanna** á að minnsta kosti fimm ára fresti.

Árið 2025 voru fræðslustundir hjá FISK Seafood 23,7 klst á stöðugildi.



Heildarfjöldi fræðslustunda

6.074 klst


Öryggismál

Öryggi starfsfólks í vinnu sinni fyrir FISK Seafood er félaginu stöðugt keppikefli. Áhersla er lögð á virkt vinnuverndarstarf sem er sinnt af öryggisfulltrúum og öryggisvörðum.

Við hvetjum starfsfólk okkar til þess skrá næstum því slys og að láta vita um bilanir eða það sem betur mætti fara á starfsstöðvum okkar. Hægt er að koma með ábendingar í gegnum atvikaskráningaforritið ATVIK sem er notað bæði til sjós og lands. Brugðist er við hvers kyns ábendingum eins fljótt og auðið er.

FISK Seafood er virkur þáttakandi í öryggishópi Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi.

Á árunum 2020-2025 hefur fjarveruslysum í landi fækkað talsvert hjá félaginu og minniháttar slysum hefur fækkað mikið síðan 2023. Algengustu slys í landvinnslu tengjast hnífnotkun en úti á sjó gerast flest slys vegna aðstæðna sem viðkomandi ræður ekki við.




Samfélagsleg áhrif

FISK Seafood samstæðan styður við nærsamfélagið á fjölbreyttan hátt, einkum með fjárhagslegum framlögum til íþróttafélaga, björgunarsveita og góðgerðarmála. Íþróttaiðkun barna og ungmenna hefur mikið forvarngildi og sterkir afreksíþróttahópar og -einstaklingar eru jafnframt mikilvæg fyrirmynd og hvatning fyrir yngri kynslóðir. Við höfum stutt mismunandi íþróttagreinar og deildir þeirra með kaupum á búnaði, auglýsingum og ýmsu öðru. Einnig höfum við verið styrktaraðilar einstakra móta og lagt okkar af mörkum með beinum fjárstuðningi við rekstur afreksíþróttadeilda.

FISK Seafood leggur sitt af mörkum til tengsla milli skóla og atvinnulífs. Á árinu var unnið að gerð námsbrautar í matvælaíðnaði í samstarfi við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra. Áætlað er að setja upp áfanga sem heitir „vinnustaðanám í fiskvinnslu“ sem gefur nemendum framhaldsskólaeiningar. Við höfum styrkt nemendur iðngreina við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra til kaupa á vinnufatnaði sem þeir þurfa að verða sér úti um vegna námsins.

Árið 2025 tók FISK-Seafood þátt í Ráðgjafaverkefni í sjálfbærni í samstarfi við Háskólann í Reykjavík og hóf einnig þátttöku í verkefninu Kolefnisspor íslenskra matvæla – Sjávarafurðir sem unnið er af Matís í samstarfi við matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands og Eflu.

FISK Seafood styrkti svo ýmis önnur verkefni á vegum skóla á árinu, og má m.a. nefna leiksýningar, maraþon, blaðaútgáfu o.fl.




Kolefnisgjald

Kolefnisgjald á jarðefnaeldsneyti hækkaði um tæp 60% á árinu 2025 fyrir bæði díselólú og bensín samanborið við árið 2024.

Á árinu 2025 greiddi FISK Seafood samstæðan rúmar 170 milljónir króna í kolefnisgjöld, en um 103 milljónir árið 2024. Þróunin undirstrikar mikilvægi þess að fylgjast náið með breytingum á gjaldtöku og leita leiða til að draga úr eldsneytisnotkun og losun gróðurhúsalofttegunda, meðal annars með aukinni hagræðingu og markvissum aðgerðum í rekstri.

Skipting kolefnisgjalds á fyrirtæki samstæðunnar



Samfélagsspor

Flokkur	2025	2024	2023	2022
Tekjuskattur	236.525	310.801	513.328	243.740
Tryggingagjald	364.815	304.791	307.307	289.604
Mótframlag í lífeyrissjóði	583.650	488.007	432.803	396.435
Veiðigjöld	694.813	650.990	477.322	394.276
Gjöld til hafnarsjóða	200.987	174.404	163.932	147.888
Aðrir skattar og gjöld	72.276	69.235	73.881	66.730
Kolefnisgjald	171.900	102.921	97.619	91.899
Innheimtir skattar vegna einstaklinga	1.540.757	1.244.830	1.310.100	1.265.050
Samtals	3.865.723	3.345.979	3.376.292	2.895.622

Allar tölur eru í þúsundum króna

Umhverfisdagur FISK Seafood og fleira

Árlegur umhverfisdagur FISK Seafood fór fram 3. maí. Þá voru Skagfirðingar hvattir til að mæta á tiltekin svæði og hreinsa rusl úr fjörum, vegköntum og víðar. Markmið dagsins er að fegra nærumhverfið með skipulagðri plockferð og sameiginlegu átaki. Þátttakendur geta valið íþróttadeild í Skagafirði til að ánafna verðmæti vinnu sinnar, og greiddi FISK Seafood viðkomandi deild 12.000 krónur fyrir framlag hvers þátttakanda. Að þessu sinni mættu heil 927 einstaklingar á öllum aldri fyrir hönd 16 aðildarféлага UMSS og söfnuðu samtals 21,4 tonnum af rusli víðs vegar um Skagafjörð. Að lokinni tínslu hittist hópurinn í húsnæði FISK Seafood þar sem boðið var upp á léttar veitingar. Á þeim fimm árum sem umhverfisdagurinn hefur verið haldinn hafa alls 70 tonn af rusli verið fjarlægð í Skagafirði.

FISK Seafood hélt **sjómanna**daginn hátíðlegan þann 31. maí og sóttu bæjarbúar heim fjölbreytta dagskrá fyrir börn og fullorðna. Boðið var í skemmtisiglingu um borð í Málmey SK-1 þar sem áhöfnin tók vel á móti gestum. Eftir að komið var í land tók við fjölskyldudagskrá með tilheyrandi skemmtiatriðum og fjölbreyttum veitingum.

Í tilefni af **70 ára afmælisári sínu** bauð FISK Seafood öllum starfsmönnum sínum í veglega utanlandsferð. Slíkar ferðir eru ekki aðeins skemmtileg upplifun heldur styrkja einnig samheldni, auka starfsánægju og efla jákvæðan starfsanda. Með því að skapa sameiginlegar minningar utan vinnustaðar stuðlar fyrirtækið að sterkari tengslum milli samstarfsfélaga og dýpri tilfinningu fyrir sameiginlegum árangri.

FISK Seafood leggur sig einnig fram við að taka þátt í og styrkja **samfélagslega viðburði í nágrenninu** sem aðrar stofnanir eða einstaklingar standa fyrir.



Birgjar

Félagið leggur áherslu á verslun og viðskipti í heimabyggð og það skiptir því miklu máli að í henni sé öflug þjónusta á ýmsum sviðum. Einnig leggjum við áherslu á að kaupa eins mikið af aðföngum innanlands og frekast er unnt. Árið 2025 voru 99,4% af aðkeyptum vörum og þjónustu hjá FISK Seafood fengnar í gegnum íslenska birgja.

Móðurfélag FISK Seafood, Kaupfélag Skagfirðinga, hefur sett fram [siðareglur fyrir alla birgja og þjónustuaðila](#) sem samstæðan á viðskipti við, sem byggir á fjórum þáttum: Umhverfi, dýravelferð, félagslegum þáttum og stjórnarháttum.



Stjórnarhættir



Stjórnarskipulag

Stjórn og forsvarsmenn FISK Seafood leggja áherslu á góða stjórnarhætti samkvæmt starfsreglum, samþykktum og lögum. Árlega gefur stjórnin út stjórnarháttayfirlýsingu með ársreikningi til að tryggja gagnsæi, faglega stjórnun og ábyrga ákvarðanatöku. Fimm aðalmenn og fimm varamenn eru kjörnir í stjórn til eins árs. Stjórnin mótast stefnu, fylgist með rekstri og tryggir að starfsemi sé í samræmi við lög. Hún uppfyllir kröfur um kynjahlutföll.

Stjórn og framkvæmdastjóri bera sameiginlega ábyrgð á innra eftirliti og áhættustýringu, sem felur í sér reglubundið mat á fjárhagslegri áhættu, svo sem gjaldmiðla-, vaxta- og lausafjánhættu. Innra eftirlit byggist á skýru skipulagi og reglulegu eftirliti. Endurskoðunarnefnd fylgist með skilvirkni eftirlitsins. Engin frávik eða lagabrot komu upp árið 2025.

Starfsemi félagsins byggir á heiðarleika og siðareglum frá 2020, sem fjalla m.a. um gjafir og hagsmunaárekstra. Stjórnin hefur starfsreglur um hlutverk, verklag og upplýsingagjöf. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur, en formaður stjórnar fer með málefni stjórnar og kemur fram fyrir hennar hönd.

Árið 2025 voru haldnir 11 stjórnarfundir.

Stjórnarháttayfirlýsingar og ársreikninga má nálgast á heimasíður fyrirtækisins, fisk.is.

Í stjórn FISK Seafood eru:

Þórólfur Gíslason – Formaður, Ingileif Oddsdóttir, Bjarni Maronsson, Herdís Á. Sæmundardóttir og Sigurjón R. Rafnsson.

Framkvæmdastjóri FISK Seafood er Friðbjörn Ásbjörnsson.

Í endurskoðunarnefnd eru:

Theódór Ingi Pálmason – Formaður, Herdís Á. Sæmundardóttir og Ingileif Oddsdóttir

Viðskiptasiðferði

FISK Seafood leggur áherslu á að koma í veg fyrir misferli á ýmsan hátt og reynir eftir fremsta megni að stunda siðferðisleg viðskipti og koma í veg fyrir spillingu.

Áhættumat og hætta á spillingu

Stjórn og framkvæmdastjóri FISK Seafood leggja áherslu á vöktun og eftirfylgni í áhættustjórnun félagsins. Áhættustjórnun felur í sér reglulegt innra eftirlit þar sem fylgst er með og fjárhagslegar áhættur í rekstri greindar og kynntar fyrir stjórn á stjórnarfundum. Helstu fjármálalegu áhættur sem hafa áhrif á félagið eru gjaldmiðlaáhætta, vaxtaáhætta og lausafjáraáhætta. Reglubundin uppgjör eru mikilvægur hluti innra eftirlits og er fylgst vel með gæðum upplýsinga og helstu kerfa. Stjórn FISK Seafood ber ábyrgð á innra eftirliti en endurskoðunarnefnd starfar í umboði stjórnar og fylgist m.a. með skilvirkni innra eftirlits til samræmis við skyldur sínar. Á árinu 2025 komu engin frávik upp vegna lögbrota eða brota á reglum sem viðeigandi eftirlits- og/eða úrskurðaraðilar hafa ákvarðað.

Öryggismyndavélar eru til staðar á þeim starfsstöðvum þar sem slíkt er heimilt út frá persónuverndarsjónarmiðum. Allir starfsmenn sem hafa aðgang að tölvukerfum fá fræðslu um netsvik og leiðir til þess að sporna við því.



Lágmarksverndarráðstafanir

Lágmarksverndarráðstafanir eru verklagsreglur sem fyrirtæki innleiða til að tryggja að starfsemi þeirra sé í samræmi við alþjóðleg viðmið um mannréttindi og siðferðilega stjórnarhætti. Þær byggja á reglum OECD, Sameinuðu þjóðanna (UNGP), ILO og Mannréttindayfirlýsingu SP og tryggja lágmarkskröfur um góða stjórnarhætti. Helstu áherslur eru á mannréttindi, spillingarvarnir og mútur, skattamál og samkeppni.

FISK Seafood vinnur að því að formfesta ferla sem tryggja samræmi við þessi atriði, einkum á sviði mannréttinda og spillingarvarna. Félagið hefur sett sér stefnur um jöfn réttindi, öryggi og heilbrigði starfsmanna og leggur ríka áherslu á heiðarleika í viðskiptum. Engin brot hafa komið upp í tengslum við mannréttindi, skatta, samkeppni eða spillingu.

Viðaukar

Umhverfi

Vísir	Eining	2025	2024	2023	
Losun gróðurhúsalofttegunda					
Umfang 1	Eldsneyti	tCO ₂ íg	21.130	20.872	21.763
	Kælimiðlar	tCO ₂ íg	181	1.256	759
Umfang 2	Rafmagn	tCO ₂ íg	158	152	158
Umfang 3	Eldsneytis- og orkuframleiðsla	tCO ₂ íg	5.233	5.138	5.180
	Úrgangur	tCO ₂ íg	100	79	26
	Flutningur og ferðalög	tCO ₂ íg	7	6	10
Samtals		tCO₂íg	26.808	27.503	27.138

Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda				
Losunarkræfni starfsmanna	tCO ₂ í/stöðugildi	104	105,9	100,9
Losunarkræfni á fermeter	tCO ₂ í/m ²	1,2	1,1	1,1
Losunarkræfni rekstrartekjur	CO ₂ íg/pús.kr.	1,7	2,2	2,0
Losunarkræfni á veitt tonn	tCO ₂ í/veitt tonn	0,9	1,1	1,2

Orkunotkun				
Heildarmagn beinnar orku	kWst	91.309.743	90.093.089	89.391.593
Heildarmagn óbeinnar orku	kWst	20.331.458	18.703.157	20.275.400

Vísir	Eining	2025	2024	2023
Orkukræfni				
Orkukræfni stöðugilda	kWst/stöðugildi	352.547,3	350.556,8	332.311,0
Orkukræfni rekstrartekjur	kWst/pús.kr.	5,8	7,2	6,6
Orkukræfni á fermetra	kWst/m ²	3.715,0	3.645,0	3.715,1
Orkukræfni á veitt tonn	kWst/veitt kg	3,8	3,6	3,8
Samsetning orku				
Jarðefnaeldsneyti	%	81,79	82,7	81,51
Endurnýjanleg orka	%	18,21	17,3	18,49
Vatnsnotkun				
Kalt vatn rúmmetrar	m ³	205.442	231.340	246.119
Heitt vatn rúmmetrar	m ³	256.269	239.746	234.987
Umhverfisstarfssemi				
Fylgir fyrirtækið formlegri umhverfisstefnu?	Já/Nei	Já	Já	Já
Fylgir fyrirtækið sérstökum úrgangs-, vatns-, orku- og/eða endurvinnslustefnum?	Já/Nei	að hluta	að hluta	að hluta
Notar fyrirtækið viðurkennt orkustjórnunarkerfi?	Já/Nei	nei	Nei	Nei
Loflagseftirlit / stjórn				
Hefur stjórn yfirumsjón með/eða stýrir loftlagstengdri áhættu?	Já/Nei	Nei	Nei	Nei
Loflagseftirlit stjórnenda				
Hefur framkvæmdastjórn yfirumsjón með og/eða stýrir loftlagstengdri áhættu?	Já/Nei	Nei	Nei	Nei
Mildun loftlagsáhættu				
Fjárfestingar í loftlagstengdum innviðum og vöruþróun	pús.kr.	37.000	35.000	0

Félagslegir þættir

	Eining	2025	2024	2023
Launahlutfall framkvæmdastjóra				
Hlutfall heildarlaunagreiðslu forstjóra og miðgildis heildarlaunagreiðslna starfsmanna í fullu starfi.	X:1	5,24	6,4	4,96
Er þetta hlutfall sett fram af fyrirtækinu í skýrslugjöf til yfirvalda?	Já/Nei	Nei	Nei	Nei
Launamunur kynjanna				
Hlutfall miðgildis launagreiðslna karla(x) og miðgildis launagreiðslna kvenna í landi.	X:1	1,91	1,14	1,09
Starfsmannavelta				
Árleg breyting starfsmanna í fullu starfi í prósentum				
Árleg breyting starfsmanna í fullu starfi á sjó	%	10,27	19,4	8,3
Árleg breyting starfsmanna í fullu starfi í landi	%	6,45	13,3	10,3
Kynjafjölbreytileiki				
1) Kynjahlutfall innan fyrirtækis í prósentum				
Karlar	%	82,4	72	70,3
Konur	%	17,6	28	29,7
Önnur kyn	%	0	0	0
3) Kynjahlutfall í störfum í efsta starfsmannalagi og sem framkvæmdastjórar, í prósentum				
Framkvæmdastjóri - karlar (eitt stöðugildi)	%	100	100	100
Yfirmenn deilda - karlar	%	100	50	50
Yfirmenn deilda - konur	%	0	50	50
Hlutfall tímabundinna starfskrafta				
Starfsfólk í fullu starfi	%	59,84	60,74	-
Starfsfólk í hlutastarfi (%)	%	40,16	39,26	-

	Eining	2025	2024	2023
Aðgerðir gegn mismunun				
Fylgir fyrirtækið stefnu er varðar kynferðislegt áreiti og/eða jafnrétti.	Já/Nei	Já	Já	Já
Vinnslusatföni				
Fylgir fyrirtækið þitt stefnu í öryggis- og vinnuverndarmálum?	Já/Nei	Já	Já	Já
Tíðni slysatengdra atvika, sem hlutfall af heildarfjölda starfsmanna á sjó.	%	7,4	6,7	4,2
Tíðni slysatengdra atvika, sem hlutfall af heildarfjölda starfsmanna í landi.	%	1,7	0,8	1,7
Hnattræn heilsa og öryggi				
Fylgir fyrirtækið starfstengdri og/eða hnattrænni stefnu um heilsu og öryggi.	Já/Nei	Já	Já	Já
Barna- og nauðungarvinna				
Fylgir fyrirtækið þitt stefnu gegn barna- og/eða nauðungarvinnu?	Já/Nei	Já	Já	Já
Ef já, nær stefnan gegn barna- og/eða nauðungarvinnu einnig til birgja og seljenda?	Já/Nei	Já	Nei	Nei
Mannréttindi				
Fylgir fyrirtækið þitt mannréttindastefnu?	Já/Nei	Já	Já	Já
Ef já, nær mannréttindastefnan einnig til birgja og seljenda?	Já/Nei	Já	Nei	Nei

Stjórnarhættir

	Eining	2025	2024	2023
Kynjahlutfall í stjórn				
Hlutfall kvenna í stjórn (%) FISK Seafood (2/5)	%	40	40	40
Hlutfall kvenna í stjórn (%) Soffanías Cecilsson (1/3)	%	33	33	33
Hlutfall kvenna í stjórn (%) Steinunn (0/3)	%	0	0	0
Hlutfall kvenna í formennsku nefnda (%)	%	0	0	0
Óhæði stjórnar				
Bannar fyrirtækið forstjóra að sinna stjórnarformennsku?	Já/Nei	Já	Já	Já
Hlutfall óháðra stjórnarmanna	%	100	100	100
Kaupaukar				
Fá framkvæmdastjórar formlegan kaupauka fyrir að ná árangri.	Já/Nei	Nei	Nei	Nei
Kjarasamningar				
Hlutfall starfsmanna fyrirtækisins í prósentum sem fellur undir almenna kjarasamninga.	%	98,7	99,2	98,4
Siðareglur birgja				
Ber seljanda þínum eða birgjum að fylgja siðareglum.	Já/Nei	Já	Nei	Nei

	Eining	2025	2024	2023
Siðferði og aðgerðir gegn spillingu				
Fylgir fyrirtækið þitt stefnu um siðferði og/eða aðgerðum gegn spillingu?	Já/Nei	Já	Já	Já
Ef já, hve hátt hlutfall starfsfólks hefur formlega vottað að það fylgi stefnunni?	%	0	0	0
Persónuvernd				
Fylgir fyrirtækið þitt stefnu um persónuvernd?	Já/Nei	Já	Já	Já
Hefur fyrirtækið þitt hafist handa við að fylgja GDPR reglum?	Já/Nei	Já	Já	Já
Sjálfbæriskýrsla				
Gefur fyrirtækið þitt út sjálfbæriskýrslu?	Já/Nei	Já	Já	Já
Eru gögn um sjálfbærni að finna í skýrslugjöf til yfirvalda?	Já/Nei	Nei	Nei	Nei
Starfsvenjur við upplýsingagjöf				
Veitir fyrirtækið þitt upplýsingar um sjálfbærni til viðurkenndra aðila með skipulögðum hætti?	Já/Nei	Nei	Nei	Nei
Leggur fyrirtækið þitt áherslu á tiltekin heimsmarkmið Sameinuðupjóðana um sjálfbæra þróun (UN SDGs)?	Já/Nei	Já	Já	Já
Setur fyrirtækið þitt markmið og gefur skýrslu um framvindu heimsmarkmiða SP?	Já/Nei	Nei	Nei	Nei
Gögn tekin út/sannreynd af þriðja aðila				
Er upplýsingagjöfin þín um sjálfbærni árituð eða endurskoðuð af þriðja aðila?	Já/Nei	Nei	Nei	Nei